



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Schola Akureyrensis

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2003-2004

**Alma Oddgeirsdóttir
Anna Sigríður Davíðsdóttir
Frímann Stefánsson
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Stefán Þór Sæmundsson**

Efnisyfirlit

Bls.

1. Starf sjálfsmatsnefndar í Menntaskólanum á Akureyri skólaárið 2003-2004.....	3
2. Könnun um líðan og samskipti á vinnustað: Helstu niðurstöður.....	5
3. Þjónustukönnun: Helstu niðurstöður.....	6
4. Áfangakannanir: Helstu niðurstöður.....	8
5. Litið yfir farinn veg.....	9
6. Úrbætur.....	11
7. Næstu skref í sjálfsmatinu.....	13

- Fylgiskjal 1 Verkáætlun sjálfsmatsnefndar 2002-2005
Fylgiskjal 2 Niðurstöður könnunar um samskipti og líðan á vinnustað.
Fylgiskjal 3 Niðurstöður þjónustukönnunar.

1. Starf sjálfsmatsnefndar í Menntaskólanum á Akureyri skólaárið 2003-2004

Sjálfsmatsnefnd í MA fyrir skólaárið 2003-2004 skipuðu Alma Oddgeirsdóttir, Anna Sigríður Davíðsdóttir, Frímánn Stefánsson, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir og Stefán Þór Sæmundsson. Sá síðastnefndi hóf þó störf í upphafi vorannar.

Í september var verkáætlun fyrir sjálfsmat skólans endurskoðuð (sjá viðauka). Nemendur í FÉL 403 hófu undirbúning við að kanna afdrif 10 ára stúdenta frá MA (þá sem útskrifuðust 1993) undir Önnu Sigríðar Davíðsdóttur. Nemendur skiluðu niðurstöðum sínum í janúar, kynntu niðurstöðurnar fyrir kennurum í málstofu í febrúar og er skýrslu þeirra að finna á bókasafni skólans.

Í nóvember var lögð könnun úr Skólarýni fyrir starfsmenn skólans þar sem tilgangurinn var að kanna samskipti og líðan á vinnustað. Niðurstöður könnunarinnar voru settar á kennastofu þar sem starfsmenn áttu þess kost að glugga í þær og var hluti niðurstaðnanna auk þess kynntur á Þorrastefnu. Þessar niðurstöður eru í viðauka skýrslunnar.

Í desember voru lagðar áfangakannanir fyrir nemendur í 2. og 4. bekk í íslensku og samfélagsgreinum. Hver kennari fékk niðurstöður úr þeim áföngum sem hann kenndi og fylgdi starfsmannaviðtal við aðstoðarskólameistara í kjölfarið á áfangamatinu, þar sem kennara gafst tækifæri til þess að ræða kennslu sína og starf. Aðeins stjórnendur höfðu aðgang að þessum niðurstöðum, auk þess kennara sem um ræddi hverju sinni.

Sjálfsmatsnefndir framhaldsskólanna á Norðurlandi höfðu með sér nokkurt samstarf á skólaárinu. Nefndirnar réðu ráðum sínum á haustþingi framhaldsskólanna á Norðurlandi í október og í nóvember hittust formenn sjálfsmatsnefndanna á nokkurs konar framhaldsfundi. Á fundinum var ákveðið að skólarnir myndu skipta með sér verkum, þannig að hver skóli færi yfir hluta af spurningum í Framhaldsskólarýni, lagaði, breytti og bætti. Í desember fór sjálfsmatsnefnd MA yfir sinn hluta af spurningunum og hið sama gerðu sjálfsmatsnefndir í VMA, í Framhaldsskólanum á Laugum, Framhaldsskólanum á Húsavík og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Spurningapakinn var svo sendur til Benedikts Sigurðarsonar sem hyggst uppfæra Skólarýninn eftir tillögum skólanna.

Í febrúar, mars og apríl vann nefndin að undirbúningi þjónustukönnunar. Sjálfsmatsnefnd átti á önninni samstarf við svokallaða ÁÁÁ-nefnd (nefnd um áhuga, ástundun og árangur nemenda í MA). Sú nefnd samdi 25 spurningar þar sem áhersla var lögð á að kanna heimanám, vinnubrögð, námsmat, kennslu og líðan nemenda í skólanum og mynduðu þessar spurningar, ásamt 25 spurningum sjálfsmatsnefndar um þjónustu innan skólans, könnun sem síðan var lögð fyrir tæpan helming nemenda skólans í apríl. Niðurstöður þjónustukönnunarinnar er að finna í viðauka.

Í mars kynnti Bjarni Jónasson hjá IMG fyrir sjálfsmatsnefnd skólans, sjálfsmatskerfi sem kallast stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard). Þetta kerfi er leið til þess að koma stefnu í framkvæmd þannig að hún sé mælanleg. Mælitæki er búið til, viðmið sett og athugað hvort árangur næst. Eitt af verkefnum sjálfsmatsnefndar á næsta skólaári verður að skoða stefnumiðaða árangursmatið betur og velta fyrir sér hvort það borgi sig að taka það upp að einhverju eða öllu leyti í Menntaskólanum á Akureyri.

Í maí voru áfangakannanir í íslensku og samfélagsgreinum lagðar fyrir 1. og 3. bekk. Unnið var úr niðurstöðum á sama hátt og á haustönn.

Í júní var unnið að umbótaáætlun, farið yfir starf sjálfsmatsnefndar yfir skólaárið og skýrsla skrifuð.

2. Könnun um líðan og samskipti á vinnustað: Helstu niðurstöður

Á haustönn var lögð fyrir könnun um líðan og samskipti starfsfólks á vinnustað, eins og áður hefur komið fram. Allir starfsmenn skólans áttu kost á því að svara á tölvutæku formi og svöruðu 58 starfsmenn könnuninni. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Langflestum líður vel í vinnunni, finnst skólinn góður vinnustaður og flestir eru ánægðir með vinnuaðstæður sínar. Flestir telja sig glaðlynda á vinnustað, reyna að efla félagsandann og fara yfirleitt ánægðir heim úr vinnunni í lok vinnudagsins. Aðeins 7 þátttakendur gátu ekki hugsað sér að vinna í skólanum til frambúðar. Fáir töldu að einelti, stríðni eða klúr umræða væri hluti af samskiptavenjum skólans.

Flestir töldu starf þeirra skipta verulegu máli fyrir skólann í heild sinni og fundust þeir njóta trausts í starfi sínu.

Starfsfólk var ánægt með stefnu skólans eins og hún er kynnt í skólanámskrá. Langflestir starfsmanna voru ánægðir með húsnæði skólans en nokkrir töldu úrbóta þörf hvað varðar búnað. Ekki er vitað hvaða búnaður það er sem starfsmenn telja að þurfi að bæta.

Það voru 10 einstaklingar sem svöruðu því til að þeim finndist þeir fá litlu áorkað til að bæta aðstæður á vinnustað sínum og 11 einstaklingum fannst stjórnendur ekki gefa þeim nógu oft tækifæri til þess að hafa áhrif. 18 einstaklingar töldu stjórnendur ekki fylgjast nógu vel með vinnu starfsmanna. Þrátt fyrir það eru langflestir ánægðir með stjórnun skólans, allir töldu skólameistara og aðstoðarstjórnendur vinna vel saman og eins voru allir sammála því að skólameistari sýni áhuga á að bæta árangur af skólastarfinu. Flestir töldu stjórnendur auk þess taka á vandamálum innan hóflegs tíma.

Um 7 manns höfðu e.t.v. eða beinlínis velt því fyrir sér að segja upp vinnunni. 12 manns töldu að starfsmenn styðji og hrósi hver öðrum of sjaldan.

Óánægðast er starfsfólk MA með menntamálaráðuneytið en meirihluti þess telur þá stofnun ekki vinna vel með skólanum.

Nákvæmari niðurstöður könnunarinnar er að finna í viðauka.

3. Þjónustukönnun: Helstu niðurstöður

Á vorönn var þjónustukönnun lögð fyrir 238 nemendur í MA. Nemendur voru úr öllum bekkjum og á öllum brautum. Konur voru 64% úrtaksins en karlar 36%.

Nemendur voru ánægðir með þjónustu bókasafnsfræðinga skólans en athygli vakti að aðeins 41% nemenda nýtti sér bókasafnið við námið vikulega eða oftar.

Nemendur voru einnig ánægðir með þjónustuna á skrifstofu skólans en 60% nemenda voru aftur á móti óánægðir með afgreiðslutímamann, fannst hann ekki nógu langur.

Nemendum finnst almennt frekar auðvelt að ná tali af aðstoðarskólameistara og skólameistara og meirihluta nemenda þóttu þeir sanngjarnir og fúsir til að ræða málin. Þetta gildir einnig um brautarstjóra. Um 32% nemenda höfðu aldrei þurft að tala við skólastjórnendur og 65% nemenda höfðu aldrei þurft að ræða við brautarstjórana.

Um 86% nemenda vita að við skólann er starfandi forvarnarfulltrúi og tæp 3% nemenda hafa haft samband við forvarnarfulltrúann. Athygli vakti að rúm 22% nemenda sagðist aldrei myndu hafa samband við hann. Vonandi er það vegna þess að þeir gera ráð fyrir að þurfa ekki á því að halda.

Rúm 27% nemenda sem ekki eiga lögheimili á Akureyri hafa haft samband við skólalækni. Tæp 8% þessara nemenda hafa hins vegar reynt að hafa samband við hann en ekki tekist sú fyrirætlan sín.

Meirihluti nemenda segir að frekar auðvelt sé að ná sambandi við námsráðgjafa og langflestir eru ánægðir með þjónustu þeirra. Tæpur þriðjungur nemenda hefur aldrei leitað til námsráðgjafa.

Athygli vekur að fremur lítil hluti nemenda, 28%, hefur leitað aðstoðar hjá umsjónarkennara sínum. Um 58% hafa ekki þurft á aðstoð umsjónarkennara að halda og rúm 20% telja sig ekki hafa gagn af slíkri aðstoð.

Nemendur eru nokkuð sáttir við tölvuaðstöðuna þó 23% nemenda merki reyndar við að hún sé frekar eða mjög slæm. Nemendum gengur einnig sémilega að fá aðstoð ef vandamál kom upp í tölvu en 27% segir það ganga frekar eða mjög illa. Hins vegar er stórum hluta nemenda í nöp við tölvukerfið sjálft því aðeins 20% nemenda segir tölvukerfið reynast frekar eða mjög vel.

Meirihluta nemenda finnst nægilegt að hús skólans sé opin eins lengi og raun ber vitni en aðeins tæp 39% nýta sér oft eða stundum þann möguleika að læra í skólastofum utan skólatíma. Um þriðjungu nemenda finnst aðstaða nemenda til þess að matast í skólanum frekar eða mjög slæm en langflestir eru ánægðir með húsakynni skólans almennt.

Það kemur ekki á óvart að mikill meirihluti nemenda notar bæði Innu og heimasíðu skólans. Þó eru um 10% nemenda sem ekki segjast nota Innu neitt. Til þess að geta fylgst með mætingu sinni og séð einkunnir úr áföngum, þarf að nota Innu. Það skýtur því skökku við að 10% nemenda noti Innu alls ekki.

4. Áfangakannanir: Helstu niðurstöður

Áfangakannanir voru tvívegis lagðar fyrir á skólaárinu, á haustönn í byrjun desember og á vorönn í byrjun maí. 11 kennarar tóku þátt í hvort skipti, 10 kennarar báðar annir en 2 einungis aðra önnina. Hóparnir sem tóku þátt voru nokkru fleiri. Kennarar fengu kannanirnar í hendur rétt fyrir jólafrí en starfsmannaviðtölin sem áttu að fylgja í kjölfarið hófust ekki fyrr en eftir próftíð. Að fenginni reynslu er ekki æskilegt að svo langur tími líði frá könnunum, þar til þær eru afhentar og þar til viðtölin fara fram. Kennurum þótti alla jafna kannanirnar gefa tilefni til að ræða starf sitt þótt skiptar skoðanir væru um ágæti spurninganna. Á vorönn fengu kennarar kannanirnar í hendur í lok próftíðar.

Ef meginniðurstöðurnar eru skoðaðar kemur í ljós að nemendum þykja kennarar vel undirbúnir og þekkja fag sitt vel, vera stundvísir, skipulagðir, bregðast vel við spurningum og gagnrýni, vera áhugasamir um nám nemenda og bera hag þeirra fyrir brjósti. Samskipti nemenda og kennara eru mjög góð ef marka má niðurstöðurnar og nemendur telja kennara ekki mismuna nemendum. Miklum meirihluta nemenda þykir kennarar koma námsefninu vel til skila, halda skýra fyrirlestra og yfirferð þeirra vera hæfileg og jöfn. Áfangalýsingar eru greinilega kynntar nemendum þótt nokkrir merki við „man ekki” og flestir nemendur telja að kennarar fylgi áætlunum. Námsmat telja flestir vera í samræmi við kennsluna.

Meirihluta nemenda þykir kennarar halda athygli þeirra og gera námið áhugavert þótt fleiri séu þar ósammála en í fyrri spurningum.

Skiptari skoðanir eru um verkefni áfanganna, hvort kennara hefur tekist að virkja nemendur til starfa og hvetja þá til sjálfstæðis. Yfirleitt merkir meira en helmingur nemenda við að kennari sýni fram á tilgang með náminu en aðrir við bæði og eða ósammála.

Nemendur telja flestir að áfangarnir séu frekar auðveldir eða bæði og (auðveldur/erfiður), þeir séu ágætlega undirbúnir fyrir áfangann, námsefnið sé frekar auðvelt (þetta kom þó töluvert mismunandi út eftir fögum og bekkjum) og árangur þeirra verði góður. Um fimmtungur nemenda taldi vinnu sína í áfanganum hins vegar vera litla.

Mun fleiri nemendur eru ánægðir með kennsluna en áfangann í heild sinni.

5. Litið yfir farinn veg

Það sem áunnist hefur

Í skýrslu sjálfsmatsnefndar veturinn 2002-2003 voru settar fram ýmsar tillögur til úrbóta. Sumar tillagnanna hafa náð fram að ganga, unnið er að öðrum þeirra en þó eru nokkrar tillögur sem hafa þurft að bíða betri tíma.

Þær úrbótatillögur sem hafa náð fram að ganga eru eftirfarandi:

1. Félagsmálafulltrúi var ráðinn og hefur starfað á þessu skólaári.
2. Verkefnisstjóri í endurmenntun hefur verið ráðinn og tekur til starfa á næstkomandi skólaári.
3. Verkefnisstjóri í erlendum samskiptum hefur verið ráðinn og tekur til starfa á næstkomandi skólaári. Eitt af hlutverkum hans verður að hafa yfirsýn yfir styrki og styrkjakerfi en sjálfsmatsnefnd kom með þá ábendingu í síðustu skýrslu að yfirsýn yfir alla þá möguleika sem í boði eru skorti.
4. FORMA, foreldrafélag MA var stofnað í desember.
5. Forgangsatíði við gerð stundaskrár voru gerð kennurum heyrinkunn á kennarafundi á skólaárinu og skjalið vistað á samskrá þar sem kennarar og starfsfólk hafa aðgang að því.
6. Vinnuhópur sem hefur það að markmiði að bæta áhuga, árangur og ástundun nemenda var stofnaður og hefur starfað á þessu skólaári.
7. Sjálfsmatsnefnd gerði það að útbótartillögu sinni í fyrra að stjórnendur ættu að vera sér meðvitaðri um að hrósa starfsfólki og nemendum fyrir vel unnin störf. Reyndar hefur ekki verið gerð vísindaleg rannsókn á því hvort sú er raunin en skýrsluhöfundar hafa þó á tilfinningunni að stjórnendur hafi verið duglegri að hæla nemendum og starfsfólki heldur en hitt.

Það sem hefur ekki enn áunnist

Þær útbótatillögur sem settar voru fram en er ekki byrjað að vinna að ennþá eða ekki hafa náð fram að ganga eru eftirfarandi:

1. Skólaárið er óbreytt. Nokkuð ljóst er að vilji er til þess að breyta skólaárinu, hjá stjórnendum og meirihluta kennara. Hins vegar fékkst ekki fjárveiting frá Menntamálaráðuneyti til þess að fjármagna breytingarnar.

2. Markmið skólans hafa ekki verið endurskoðuð á skipulegan hátt, gerð skýrari og mælanlegri eins og sjálfsmatsnefnd lagði til í fyrra.
3. Ekki hafa markvisst verið skoðaðir möguleikar á því að auka og gera námsframboð fjölbreyttara í skólanum, nema að því leyti að ný kjörgrein, ferðamálafræði, verður kennd á málabraut í fyrsta skipti á næsta skólaári. Einnig má nefna að starf ÁÁÁ-hópsins í vetur tengist þessu sviði að einhverju leyti þar sem nefndin kannaði hug nemenda gagnvart skólanum og náminu, kröfum sem gerðar eru í náminu, fjölbreyttni í námsmati o.fl.
4. Sjálfsmatsnefnd benti á það í fyrra að miðla þyrfti betur reynslu af þróunarstarfi til nýs starfsfólks og annarra skóla, halda reynslunni til haga. Ekki hefur verið unnið skipulega að þessu markmiði á liðnu skólaári en líklegt má telja að það verði m.a. hlutverk nýráðins endurmenntunarstjóra að ráða bót á þeim málum.
5. Í síðustu skýrslu sjálfsmatsnefndar kom fram að gott væri að stjórnendur leituðu meira til kennara og starfsfólks við ákvarðanatöku. Erfitt er að meta hvort stjórnendur hafi tekið tillit til þessarar ábendingar. Benda má þó á að stjórnendum og verkefnisstjórum hefur fjölgað í MA sem vonandi leiðir til þess að almennt starfsfólk taki meiri þátt í ákvarðanatöku en áður.

6. Úrbætur

Úrbætur sem þarf að vinna að strax:

1. Breyta skólaárinu. Brýnt er að róa öllum árum að því að koma þessari breytingu í gegn.
2. Endurskoða markmið skólans, skýra þau, gera þau mælanlegri. Heppilegt væri að stofna starfshóp nemenda og kennara til þess að vinna að þessu. Tilvalið væri að skoða betur hvort hægt sé að nota það kerfi sem kennt er við stefnumiðað árangursmat sem tæki til þess að endurskoða markmið skólans.
3. Endurskoða skólanámskrá Menntaskólans á Akureyri í heild sinni. Það er orðið tímabært að endurskoða námskrána, í fyrsta lagi með tilliti til þess hvort og hvernig hægt sé að bjóða upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs. Innan veggja menntamálaráðuneytis er nú unnið að skýrslu um styttingu skólaársins og er mikilvægt að MA verði í fararbroddi hvað varðar það að þróa og skipuleggja breyttan framhaldsskóla.
Í öðru lagi þarf að meta hvernig námskráin hefur reynst, nú þegar búið er að keyra hana einu sinni í gegn og komin reynsla á hvað betur má fara.
4. Halda áfram starfi ÁÁÁ-hópsins. Nefnd um áhuga, árangur og ástundun nemenda í MA hefur unnið gott starf og nauðsynlegt að hún haldi starfi sínu áfram.
5. Að skólalæknir eða hjúkrunarfræðingur hafi fastan viðtalstíma í viku hverri hérna í skólanum. Sjálfsmatsnefnd telur nauðsynlegt að þeir nemendur sem ekki eiga lögheimili á Akureyri hafi greiðan aðgang að lækniþjónustu og þess vegna verður annaðhvort skólalæknir eða hjúkrunarfræðingur að hafa fastan viðtalstíma hérna í skólanum. Það hefur auk þess sýnt sig að námsráðgjafar nota þjónustu skólalæknisins mikið, þeir vísa nemendum til skólalæknis, fylgja nemendum jafnvel til hans og er mun erfiðara um vik ef skólalæknir er aldrei til húsa í sjálfum skólanum.

Úrbætur sem þarf að undirbúa sem fyrst

1. Athuga hvort hægt sé að lengja afgreiðslutímamann á skrifstofu skólans. Stórum hluta nemenda finnst afgreiðslutíminn ekki nógu langur.

2. Íhuga þarf hvort og hvernig megi skipuleggja starf umsjónarkennara betur. Það var áberandi í þjónustukönnun að stór hluti nemenda nýtir sér ekki aðstoð þeirra og telur sig ekki hafa gagn af því.
3. Tölvukerfið. Í þjónustukönnun kemur fram að nemendur eru almennt óánægðir með tölvukerfi skólans. Það kemur ekki fram nákvæmlega í hverju þessi óánægja felst og þyrfti að skoða nánar hvort eitthvað sé hægt að gera til þess að ráða bót á þessari óánægju nemenda.
4. Stjórnendur þurfa að halda áfram að vera meðvitaðir um hversu mikilvægt er að starfsmenn fái að taka þátt í ákvörðunum sem varða starf þeirra og vinnuaðstæður. Þó að meirihluti starfsmanna virðist vera ánægður í starfi, eru nokkrir sem upplifa það að finnast þeir hafa lítil áhrif á vinnustað sínum.

Úrbætur sem vinna þarf að í náinni framtíð

1. Hvetja þarf nemendur til þess að nýta bókasafnskostinn meira við námið. Sú umræða hefur skotið upp kollinum á meðal kennara að nemendur nýti sér bækur í minna mæli en á árum áður en reiði sig því meira á Netið. Þetta er þróun sem sumum kennurum finnst að þurfi að sporna við, enda séu heimildir á netinu misjafnlega áreiðanlegar. Þetta er málefni sem vert er að ræða.
2. Bæta aðstöðu nemenda til þess að matast. Eins og áður hefur komið fram finnst um þriðjungni nemenda aðstaðan ekki nógu góð, enda eru fá borð í Kvosinni og meirihluti nemenda þarf að borða matinn sinn sitjandi á hörðu og köldu gólfinu.

7. Næstu skref í sjálfsmatinu

1. Halda áfram áfangakönnunum. Á næsta ári verða áfangakannanir lagðar fyrir í erlendum tungumálum og stærðfræði. Leggja þarf kannanirnar fyrir fyrir á vorönn heldur en gert var á þessu skólaári.
2. Önnur umferð Framhaldsskólarýnis. Von er á nýrri útgáfu forritsins, þar sem spurningum hefur verið breytt samkvæmt tillögum framhaldsskólanna á Norðurlandi.
3. Sjálfsmatsnefndin ætlar að vinna að því á næsta skólaári að fá foreldra til þess að taka þátt í mati á skólastarfinu. Huga þarf að því hvaða leiðir er best að fara, e.t.v. er hægt að virkja foreldrafélagið að einhverju leyti og einnig væri tilvalið að leita í smiðju VMA-manna um hvernig best sé að fara að þessu.
4. Sjálfsmatsnefndin ætlar að skoða stefnumiðaða árangursmatið og meta hvort og að hvaða leyti það skuli notað til þess að endurskoða námskrá MA.
5. Ef tími gefst til mun sjálfsmatsnefndin skoða hvort tengja eigi inn í starf nefndarinnar skýrslugerð í skólanum í heild sinni. Þannig gæti sjálfsmatsnefndin gert yfirlit yfir hvaða skýrslur eru unnar í skólanum, hvert sé innihald þeirra og fundið út hvort eitthvert svið verði útundan eða hvort verið sé að gera sömu hlutina á tveimur stöðum.

Að lokum:

Starfshópur um sjálfsmat í Menntaskólanum á Akureyri þakkar starfsfólki og nemendum skólans sem tóku þátt í sjálfsmati skólans á skólaárinu og lögðu þannig sitt af mörkum til þess að þróa og bæta skólastarfið.

Menntaskólanum á Akureyri
16. júní 2004

Alma Oddgeirsdóttir

Anna Sigríður Davíðsdóttir

Frímann Stefánsson

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Stefán Þór Sæmundsson